

Sveitarfélagið Skagafjörður
b.t. Steins Leós Sveinssonar
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Akureyri, 11. október 2021
UST202103-036/S.K.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3.6.2021 hjá Sveitarfélaginu Skagafirði

Þann 3. júní sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Skarðsmóum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tveimur frávikum sem skráð voru eftirliti þann 29. maí 2019 var lokað við eftirlitið. Rekstraraðili hefur unnið eftir úrbótaáætlun sem barst stofnuninni þann 25. október 2019 og voru úrbætur samkvæmt þeirri áætlun teknar út eftirliti.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt nýtt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2020 hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018. Um er að ræða áætlun sem nær annars vegar til fráviksins sem skráð var í eftirliti þann 3. júní sl. og hins vegar til tveggja frávika sem skráð voru í eftirliti 29. maí 2019 og hefur ekki verið lokað. Óskað er eftir því að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. nóvember 2021.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur